

REGLUR

um breytingu á reglum um meistaranám við Háskóla Íslands í talmeinafræði, nr. 972/2009.

1. gr.

2. málslíður 1. mgr. 4. gr. orðast svo: Stjórnin er skipuð sex fulltrúum samkvæmt tilnefningum íslensku- og menningardeildar, menntavísindasviðs, sálfræðideildar og Heyrnar- og talmeinafræðideildar Háskóla Íslands, einum fóstum kennara greinarinnar og fulltrúa úr læknadeild sem rektor tilnefnir og er hann formaður námsstjórnar.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr.:

1. a-liður 1. mgr. orðast svo: Hafa lokið BA, B.Ed. eða BS-prófi með að jafnaði 1. einkunn.
2. Undir b-lið 1. mgr. orðast ákvæði I. töluliðar svo:

Málfræði (íslenska/almenn málvísindi) 40 einingar

- i. Málkerfið – hljóð og orð ÍSL209G (10e)
- ii. Setningar og samhengi ÍSL321G (10e)
- iii. Tal- og málmeiri AMV307M (10e)
- iv. Máltaka barna ÍSL507M (10e)

3. gr.

10. gr. ásamt fyrirsögn orðast svo:

Meistaraverkefni og kröfur til umsjónarkennara og leiðbeinanda.

Sérhver meistaranemi skal frá upphafi náms hafa umsjónarkennara úr hópi fastra akademískra starfsmanna Háskóla Íslands sem hann ráðfærir sig við um rannsóknarverkefni og annað sem tengist náminu. Umsjónarkennari ásamt nemanda leggur fram áætlun um rannsóknarverkefni sem stjórn námsins samþykkir. Umsjónarkennari og leiðbeinandi eru að jafnaði sami maðurinn. Nemanda er heimilt að hafa utanaðkomandi leiðbeinanda enda uppfylli hann kröfur þessara reglna. Ef umsjónarkennari og leiðbeinandi eru ekki sami maðurinn, þá hefur umsjónarkennari umsjón með verkefningu og er ábyrgur fyrir því að það sé í samræmi við kröfur læknadeildar, en leiðbeinandi sér um að leiðbeina nemanda í rannsóknarverkefni. Ef leiðbeinandi kemur ekki úr áðurnefndum hópi þarf hann að hafa lokið a.m.k. meistaraþrófi á viðkomandi fræðasviði. Gæta þarf þess að verkefni nemandans sé á sérsviði leiðbeinandans.

4. gr.

11. gr. reglnanna fellur niður og breytist þá jafnframt tölusetning þeirra greina sem á eftir koma, þ.e. 12. gr. verður 11. gr., 13. gr. verður 12. gr. o.s.frv.

5. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar samkvæmt heimild í 3. mgr. 18. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla. Reglurnar taka þegar gildi.

Háskóla Íslands, 22. janúar 2014.

Kristín Ingólfssdóttir.

Þórður Kristinnsson.